

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 682/1981 um innheimtu bifreiðagjalda o.fl. með áorðnum breytingum.

1. gr.

C-liður 3. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 4/1982, orðist svo:

- c. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira fð leyfðri heildarþyngd greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt. Ákvæði reglugerðar þessarar eiga við tengi- og festivagna jafnt sem bifreiðar eftir því sem við á. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.
4,0— 4,9	0,52	15,0—15,9	1,11
5,0— 5,9	0,56	16,0—16,9	1,20
6,0— 6,9	0,60	17,0—17,9	1,29
7,0— 7,9	0,63	18,0—18,9	1,37
8,0— 8,9	0,66	19,0—19,9	1,47
9,0— 9,9	0,69	20,0—20,9	1,55
10,0—10,9	0,73	21,0—21,9	1,64
11,0—11,9	0,76	22,0—22,9	1,74
12,0—12,9	0,85	23,0—23,9	1,82
13,0—13,9	0,93	24,0—24,9	1,91
14,0—14,9	1,03	25,0—25,9	2,00

Af akstri fólksflutningabifreiða er taka 17 farþega eða fleiri í sæti, sem á sér stað vegna áætlunarferða í þéttbýli, þ.e. akstur almenningsvagna, eða sérleyfisferða skal greiða 70% lægri þungaskatt en um getur í 1. mgr. þessa stafliðs. Við ákvörðun á þeim fjölda kílómetra sem á sér stað vegna sérleyfisferða, skal leggja til grundvallar ekna kílómetra hvers sérleyfishafa á viðkomandi sérleið á hverju greiðslutímabili samkvæmt leiðabók umferðamáladeildar fólksflutninga sem í gildi er hverju sinni. Afslátturinn skal miðast við að allur akstur í áætlunarferðum í þéttbýli og sérleyfisferðum fari fram á bifreiðum sem eru 15,0—15,9 tonn að leyfðri heildarþyngd. Komi í ljós að akstur á sérleið hefur verið minni en leiðabók segir til um skal afslátturinn miðast við raunverulegan akstur. Með almenningsvögnum samkvæmt þessari málsgrein er átt við vagna sem ekið er samkvæmt fyrirfram ákveðinni tímaáætlun í þéttbýli og ætlaðir eru almenningi til afnota gegn fyrirfram ákveðnu gjaldi.

Af fólksflutningabifreiðum er taka 17 farþega eða fleiri, er rétt hafa til hóp-ferðaaksturs skal greiða 10% lægri þungaskatt en greinir í 1. mgr. þessa stafliðs.

## 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er sky. heimild í lögum nr. 78/1974 um fjáröflun til vegagerðar með síðari breytingum öðlast gildi hinn 10. júní 1982 og tekur til aksturs sem á sér stað eftir lok 2. álesturstímabils 1982, en því lýkur á tímabilinu 20. maí til 10. júní 1982.

*Fjármálaráðuneytið, 19. maí 1982.*

**Ragnar Arnalds.**

*Lárus Ögmundsson.*

Nr. 238.

30. apríl 1982.

**REGLUGERÐ**

**um innheimtu þungaskatts af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín.**

## 1. gr.

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín, skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem bifreiðar eru hérlendis, talið frá og með komudegi, sem hér segir:

- a) Af bifreiðum, öðrum en þeim sem um er rætt í b-lið þessarar greinar og búnar eru viðhlitandi ökumælum, sbr. reglugerð nr. 62/1977 um ökumæla með síðari breytingum.

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.
Allt að 2000	188	6000— 6199	423
2000— 2199	198	6200— 6399	434
2200— 2399	209	6400— 6599	446
2400— 2599	219	6600— 6799	457
2600— 2799	229	6800— 6999	469
2800— 2999	241	7000— 7199	481
3000— 3199	251	7200— 7399	492
3200— 3399	261	7400— 7599	503
3400— 3599	273	7600— 7799	515
3600— 3799	283	7800— 7999	527
3800— 3999	295	8000— 8199	539
4000— 4199	306	8200— 8399	550
4200— 4399	318	8400— 8599	562
4400— 4599	330	8600— 8799	574
4600— 4799	241	8800— 8999	585
4800— 4999	353	9000— 9199	597
5000— 5199	364	9200— 9399	608
5200— 5399	376	9400— 9599	620
5400— 5599	388	9600— 9799	632
5600— 5799	399	9800— 9999	643
5800— 5999	410	10000—10199	654